Aðgerðaáætlun

Hlíðarskóli

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2026-2027

Samþykkt af stjórnendum Valdimar Heiðar Valsson þann 29.05.2026

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

Efnisyfirlit

Réttindaskóli UNICEF 4

Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn 4

Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni 5

Greinargerð vegna stöðumats. 6

- Öryggis og aðgengiskönnun nemenda 6
- Hálkuvarnir og aðgengi 6
- Hljóðvist og námsumhverfi 7
- Jafnrétti og samskipti 7
- Upplýsingagjöf og mötuneyti 7
- Jákvæðar niðurstöður 7
- Niðurstöður úr nemendakönnun 7
- Jákvæðar niðurstöður 8
- Niðurstöður meðal starfsfólks 8
- Jákvæðar niðurstöður 8

Að setja upp aðgerðir. 9

Samantekt 17

Réttindaskóli UNICEF

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar (leik- og grunnskólar), frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

Fjöldi Réttindaskóla UNICEF eru starfræktur víðsvegar um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á Íslandi hlutu viðurkenningu árið 2017 og þeim fer hratt fjölgandi.

Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig.

AÐ LÆRA ERU RÉTTINDI

Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna.

AÐ LÆRA UM RÉTTINDI

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.

AÐ LÆRA Í RÉTTINDAUMHVERFI

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

AÐ LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI

Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni

Markmið verkefnisins

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Fyrsta markmiðið er að **auka þekkingu á réttindum barna**. Börn og fullorðin eiga að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skólastarfið. Barnasáttmálinn á að vera hluti af námsskrám, kennsluáætlunum og þjálfun starfsfólks.

Annað markmiðið er **aukin þátttaka barna.** Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er að **betri greining á stöðu barna**. Stöðumat er framkvæmt. Þekkingarkönnun er lögð fyrir starfsfólk og öll börn. Börn framkvæma aðgengis- og öryggiskönnun.

Fjórða markmiðið eru **aðgerðir sem bæta aðstæður barna.** Skólar sem innleiða Réttindaskóla og -frístund UNICEF vinna aðgerðaáætlun úr niðurstöðum stöðumats og tryggja að aðgerðir í þágu réttinda barna séu settar í forgang. Réttindaskólar UNICEF styðja opinberlega við réttindi barna.

Fimmta markmiðið er **samstarf út frá þörfum barnsins**. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna og vinna að sameiginlegri sýn á réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun. UNICEF hvetur til samstarfs við foreldra.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF **bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni** sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Greinargerð vegna stöðumats.

Veturinn 2024-2025 hóf Hlíðarskóli sína vegferð í að verða réttindaskóli UNICEF. Lögð var fyrir stöðukönnun meðal starfsmanna þann veturinn og nemendakönnun fyrir hluta nemendahópsins. Ekki náðist að klára fyrirlögn stöðukönnunar nemenda þar sem umfang fyrirlagnarinnar reyndist meiri en reiknað var með í fyrstu. Hlíðarskóli er sérskóli fyrir nemendur með fjölþættan og flókinn vanda og því þurfti að leggja könnunina fyrir einstaklingslega sem gerði það að verkum að umfangið varð mun meira og tímafrekara. Var þráðurinn tekinn upp veturinn 2025-2026 og klárað að leggja könnunina fyrir þá nemendur sem ekki tóku hana veturinn áður ásamt því að láta alla nýja nemendur sem höfðu innskrifast um haustið taka könnunina. Í kjölfarið að stöðukönnun nemenda var lokið var hafist handa við að undirbúa fyrirlögn öryggis og aðgengiskönnunar. Eftir að hafa farið vel yfir spurningarlistann var ákveðið að það myndi ekki henta okkar nemendahóp að leggja fyrir könnunina með hefðbundnum hætti þar sem við töldum okkur vera með of viðkvæman nemendahóp enda sumar spurningarnar mjög persónulegar. Var því ákveðið að leggja könnunina fyrir einstaklingslega og þrátt fyrir að það hafi aukið umfangið að þá vonuðumst við til þess að fá skýrari og einlægari niðurstöður. Þegar allar kannanir höfðu verið lagðar fyrir var réttindaráðið kallað saman til að fara yfir niðurstöðurnar. Réttindaráðið og skólastjóri unnu saman að því að fara yfir niðurstöður og finna atriði sem þörfnuðust úrbóta og færu í aðgerðaráætlun. Þegar réttindaráð og skólastjóri höfðu farið yfir allar niðurstöður að þá funduðum við með Marín til að tryggja að okkur hefði ekki yfirsést neitt og værum á réttri leið. Hér fyrir neðan verður stiklað á stóru um helstu niðurstöður í þeim þremur könnunum sem voru lagðar fyrir.

Öryggis og aðgengiskönnun nemenda

Í öryggiskönnun var skoðað hvar nemendur finna mest fyrir óöryggi. Heilt yfir upplifa nemendur sig örugga en þeir staðir sem skoruðu hæðst varðandi óöryggi var búningsklefinn í sundi og íþróttum og svo var matsalurinn nefndur af hluta nemenda. Til að bregðast við þessu var málið tekið fyrir á starfsmannafundi og einnig fyrir á fundi réttindaráðs. Niðurstaðan með búningsklefan var að hleypa nemendum inn í smærri hópum og nýta útiklefa betur þegar það á við og veður leyfir. Einnig var rætt um mikilvægi aukinnar nærveru starfsfólks á þessum svæðum.

Varðandi matsalinn að þá nefndu nemendur og réttindaráðið að það væri mikilvægt að starfsfólk myndi tryggja jákvæð samskipti á borðunum og að halda nemendum uppteknum á spjalli því þá væri tíminn fljótari að líða og minni hætta á neikvæðri orðræðu eða hegðun sem myndi valda óöryggi hjá nemendum

Hálkuvarnir og aðgengi

Niðurstöður sýndu að 31,25% þátttakenda töldu hálkuvarnir vera ábótavant við skólann. Á fundi með réttindaráði var lagt til að það væri alltaf búið að sanda gönguleiðir áður en nemendur koma. Skólastjóri hefur nú sett söndun svæða sem part af dagskipulagi stuðningsfulltrúa yfir vetrarmánuðina þannig að brugðist sé strax við þegar ástæða er til.

Í aðgengismálum kom fram að 62,5% töldu hjólastóla ekki komast auðveldlega um allar dyr skólans. Sérstaklega voru nefndar þröngar dyr í Skildi og að það vantaði ramp svo hægt sé að

komast inn í skemmu á hjólastólum þar sem list og verkgreinar fer fram. Mikilvægt er að skoða mögulegar framkvæmdir til að bæta aðgengi þannig að allir nemendur og gestir geti farið hindrunarlaust um skólann. Einnig kom fram að engar dyr væru merktar með punktaletri fyrir blinda. Úrbætur eftir fund með réttindaráði eru að skólastjóri mun koma þessum niðurstöðum til umsjónarmanns fasteigna sem sér um húsnæðismál skólans og óska eftir að gerðar verða úrbætur á þessum þáttum.

Hljóðvist og námsumhverfi

Niðurstöður sýndu að nemendur töldu að bæta þyrfti hljóðvist í skólastofum og íþróttahúsi. Slæm hljóðvist getur haft neikvæð áhrif á einbeitingu, líðan og námsumhverfi nemenda og starfsfólks. Mögulegar aðgerðir gætu falist í hljóðdempandi lausnum, endurskoðun á rýmum eða aukinni notkun hjálpartækja þar sem þörf er á.

Jafnrétti og samskipti

Í könnuninni kom fram að 40% þátttakenda höfðu tekið eftir því að komið væri öðruvísi fram við einstakling vegna húðlitar. Þessi niðurstaða bendir til þess að mikilvægt sé að halda áfram markvissri vinnu og fræðslu varðandi jafnrétti, fordómaleysi og jákvæð samskipti innan skólans. Hægt væri að vinna með þessi mál í gegnum fræðslu, umræður, verkefni með nemendum og starfsfólki og skýr viðbrögð við mismunun.

Upplýsingagjöf og mötuneyti

68,75% þátttakenda sögðust ekki fá upplýsingar um innihald matar í mötuneytinu. Þar sem matur er keyptur frá öðrum aðila þarf að skoða hvort hægt sé að óska eftir nánari upplýsingum um innihald og ofnæmisvalda svo nemendur og starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir það sem boðið er upp á.

Jákvæðar niðurstöður

- Allir nemendur sögðu að þeir hefðu einhvern fullorðin til að leita til í útiveru ef eitthvað kæmi upp á.
- 93,75% nemenda upplifðu að starfsfólk tæki á því þegar hinsegin hugtök væru notuð í neikvæðum tilgangi.
- 93,75% nemenda upplifðu að starfsfólk tæki á því þegar orð um fötlun væri notuð í neikvæðum tilgangi.
- 81,25% nemenda sögðu að starfsfólk tæki á því þegar menning, tungumál eða uppruni væri notað í neikvæðum tilgangi. 18,75% sögðu veit ekki.

Niðurstöður úr nemendakönnun

Í nemendakönnun kom fram að 29% nemenda í 1-4.bekk höfðu ekki heyrt um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en aðeins 9,09% í 5-10.bekk. Einnig kom fram að aðeins lítill hluti nemenda taldi sig hafa áhrif á sveitarfélagið sitt eða þekkti möguleika sína til þátttöku t.d. í ungmennaráði.

Þessar niðurstöður sýna mikilvægi þess að efla fræðslu um réttindi barna, lýðræðislega þátttöku og leiðir nemenda til að hafa áhrif á skólasamfélagið og nærumhverfi sitt.

Þegar spurt var hvort nemendur í 5-10.bekk yrðu vör við fordóma að þá sögðust 36,36% þeirra verða vör við það. Allir sem sögðust verða var við það sögðu önnur börn vera með fordómana og 25% foreldrar. Ánægjulegt er að enginn nemandi sagði að starfsfólk skólans sýndi fordóma til nemenda.

Jákvæðar niðurstöður

- 100% nemenda í 5-10.bekk töldu sig hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólann og 81% nemenda í 1-4.bekk.
- 100% nemenda sögðu að það væri haldið barnaþing í skólanum.
- 90,91% nemenda höfðu fengið kynningu á ungmennaráði sveitafélagsins.
- 100% nemenda sögðu að þau hefðu einhvern innan skólans sem þau gætu leitað til ef þeim liði ekki vel.
- Þegar nemendur í 5-10.bekk voru spurðir hvernig þeim liði í skólanum að þá sögðu 27,27% að þeim liði mjög vel og 72,73% að þeim liði vel.

Niðurstöður meðal starfsfólks

Könnun meðal starfsfólks sýndi að 36,36% starfsfólks taldi að réttindi Barnasáttmálans fælu í sér skyldur barna. Það bendir til þess að áfram sé mikilvægt að ræða innihald Barnasáttmálans og hlutverk fullorðinna í að tryggja réttindi barna.

Einnig kom fram að starfsfólk óskaði eftir því að viðbragðsáætlanir og aðrar stefnur væru aðgengilegri. Möguleg úrbót væri að safna öllum áætlunum saman á einn stað t.d. á sameiginlegu drifi eða í handbók starfsfólks Þannig væri auðvelt að nálgast þær þegar á þarf að halda.

Jákvæðar niðurstöður

- 100% starfsmanna höfðu heyrt um barnasáttmálann.
- 100% starfsmanna svöruðu að barnasáttmálinn gildir um öll börn.
- 100% starfsmanna sögðu að börn myndu ekki fyrirgera rétt sínum með slæmri hegðun.
- 90,91% starfsmanna höfðu fengið fræðslu um réttindi barna.
- 90,91% starfsmanna sögðust hafa fengið fræðslu hvernig réttindi barna tengjast skóla- og frístundarstarfi.
- 100% starfsmanna sögðust leita eftir skoðunum barna í sínu starfi.
- 100% starfsmanna sögðust bera ábyrgð á því að tryggja réttindi barna í þeirra starfi.
- 100% starfsmanna sögðust vita hvernig þeir ættu að bregðast við ef barni liði ekki vel.

Að setja upp aðgerðir.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðukönnun nemenda framkvæmd 2025 og 2026.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum
Hvað	Fræða nemendur um Barnasáttmálann og fyrir hvað hann stendur og afhverju hann skiptir máli fyrir þau.
Hver	Skólastjórn, umsjónarkennarar, annað starfsfólk og réttindaráð.
Hvenær	2026-2027
Hvernig	Í starfsáætlun Hlíðarskóla komi skýrt fram að unnið sé eftir markmiðum Réttindaskólans. Markmiðið er að samþætta réttindafræðslu inn í allar námsgreinar þannig að það sé ekki einungis bundið við þema og uppbrotsdaga. Mikilvægt er að setja inn í kennsluáætlanir markmið tengd réttindaskólanum. Skólastjórnendur fylgi þessu eftir á kennara og starfsmannafundum. Gera Barnasáttmálann sýnilegri á öllum svæðum skólans. Hugmyndakassa í matsal. Fastir fundir Réttindaráðs einu sinni í mánuði.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að gera barnasáttmálann hluta af daglegu starfi allra innan skólans. Barnasáttmálinn þarf að vera rauði þráðurinn í skólastarfinu og eiga stjórnendur að vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í ákvarðanatöku. Barnasáttmálinn á að vera grunnurinn að daglegum samskiptum barna við alla innan skólans.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðukönnun nemenda framkvæmd 2025 og 2026.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum
Hvað	Fræða nemendur hvernig þau geta haft áhrif í sínu sveitarfélagi
Hver	Skólastjórn, umsjónarkennarar, aðrir kennarar og starfsfólk, nemendaréttindaráð.
Hvenær	2026-2027
Hvernig	Að kennarar og annað starfsfólk Hlíðarskóla fræði nemendur hvernig þau geti haft áhrif í sínu sveitarfélagi t.d. að kynna

	þeim fyrir ungmennaráði og fá ráðið í heimsókn eins og við höfum gert. Upplýsa nemendur að þau geti boðið sig fram í ungmennaráð. Kynna nemendum fyrir ungmennaþingi og hvetja þau til að taka þátt.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að auka þátttöku barna í þeirra nærumhverfi (sveitarfélagi). Að starfsfólk efli tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðukönnun starfsmanna 2025
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Fræða starfsfólk um Barnasáttmálann og fyrir hvað hann stendur.
Hver	Skólastjórn, umsjónarkennarar, aðrir kennarar og starfsfólk, nemendaréttindaráð.
Hvenær	2026-2027
Hvernig	Í starfsáætlun Hlíðarskóla komi skýrt fram að unnið sé eftir markmiðum Réttindaskólans. Markmiðið er að samþætta réttindafræðslu inn í allar námsgreinar þannig að það sé ekki einungis bundin þema og uppbrotsdögum. Mikilvægt er að setja inn í kennsluáætlanir markmið tengd réttindaskólanum. Skólastjórnendur fylgi þessu eftir á starfsmannafundum. Á skipulagsdögum í ágúst séu allir starfsmenn búnir að fá fræðslu um Barnasáttmálan og réttindaskólann og eru vel undirbúnir til að breiða boðskapinn til nemenda og fræða þau. Gera Barnasáttmálann sýnilegri á öllum svæðum skólans.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að gera barnasáttmálann hluta af daglegu starfi allra innan skólans. Barnasáttmálinn þarf að vera rauður þráður í skólastarfinu og eiga stjórnendur að vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í ákvarðanatöku og hann á að vera grunnurinn að daglegum samskiptum innan Hlíðarskóla.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli – heimasíða og innra net
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðukönnun starfsmanna 2025 og einnig starfsmannakönnun sem akureyrarbær gerði 2025
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Að allar áætlanir séu uppfærðar eins og til er ætlast og séu aðgengilegar starfsfólki. Einnig að allir starfsmenn fái kynningu að hausti á öllum áætlunum eins og t.d. janfréttisáætlun og viðbragsðáætlun.
Hver	Skólastjórnendur.
Hvenær	Ágúst 2026
Hvernig	Stjórnendur yfirfara áætlanir eins og t.d. jafnréttisáætlun og viðbragsðáætlun og kynna á bekkjarfundum og á starfsmannafundum og hafa aðgengilega á heimasíðu skólans ásamt innra neti. Akureyrarbær er með jafnréttisáætlun fyrir allar starfsstöðvar og er ekki ætlast til að hver skóli sé með sína eigin. Við ákváðum að halda í okkar áætlun höfðum jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar til hliðsjónar.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Skapa eldmóð fyrir réttindum barna, auka þekkingu barna á jafnrétti. Aðgerð sem þessi styður við réttindi barna.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Að nemendum líði betur í búningsklefunum í þelamörk fyrir íþróttir og sund.
Hver	Skólastjórnendur og annað starfsfólk Hlíðarskóla
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Á næsta skólaári ætlum við að hleypa inn í klefana í smærri hópum, dreyfa þeim betur um klefan og nota útiklefana þegar það er hægt. Óöryggið kemur út frá því að klæða sig í og úr fyrir framan aðra og með því að fækka einstaklingum inn í klefunum hverju sinni að þá vonumst við til að nemendur finni fyrir meira öryggi þar.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og vinnur markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni er þau varða. Að börn upplifi öryggi í umhverfi sínu og hlustað sé á raddir þeirra og brugðist við því. Með að bregðast við þessum lið vonumst við til þess að auka þátttöku nemenda í íþróttum og sundi sem er góð hjá okkur en reynist nemendum oft erfið þegar nemendur eru nýjir.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Að nemendur finni fyrir meiri öryggi í matsalnum
Hver	Skólastjórnendur og annað starfsfólk Hlíðarskóla
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Á undirbúningsdögum í ágúst verður þetta tekið fyrir og starfsfólk sem er í matsalnum undirbúið betur til að takast á við áskoranir sem koma í matsalnum. Starfsfólk mun eiga í samtali við nemenur til að dreyfa huga þeirra og fara í leiki við borðið sem hjálpar nemendum að halda einbeitingu út matartímann. Við munum einnig

	núna á vordögum fá hugmyndir frá nemendum og skipuleggja matartíma næsta skólaárs út frá því.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og vinnur markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni er þau varða. Að börn upplifi öryggi í umhverfi sínu og hlustað sé á raddir þeirra og brugðist við því. Með að bregðast við þessum lið vonumst við til þess að auka nemendur upplifi sig öruggari í matsalnum.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Bæta hálkuvarnir skólans
Hver	Skólastjórnendur og annað starfsfólk Hlíðarskóla
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Uppeldisfulltrúar eiga núna að sanda strax að morgni ef á þarf að halda alla helstu staði þar sem nemendur og starfsfólk fer um til að auka öryggi þeirra.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerð sem bætir aðstæður og öryggi barna á skólalóðinni sem ýtir undir þátttöku barna í leik og starfi skólans.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Að hjólastólar komist auðveldlega inn í öll hús sem skólinn hefur til umráða.
Hver	Skólastjórnendur og umsjónarmaður fasteignar
Hvenær	Skólaárið 2026-2027

Hvernig	Að það sé að lágmarki einar dyr á hverju húsi sem skólinn hefur til umráða þar sem hjólastóll kemst auðveldlega í gegnum.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til að taka þátt og nýta sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Að dyr verði merktar með punktaletri
Hver	Skólastjórnendur og umsjónarmaður fasteigna
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Haft verður samband við umsjónarmann fasteigna og hann beðinn um að setja punktaletur á þær dyr sem nauðsyn krefur.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til að taka þátt og nýta sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða og að þau finni til öryggis.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar. 40% nemenda segjast hafa tekið eftir því að komið sé öðruvísi fram við einhvern vegna húðlitar.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Auka þekkingu nemenda og starfsmanna á menningarlegri fjölbreytni, fræðslu og þjálfun í umburðarlindi og góðri framkomu. Kynnum mikilvægi þess að allir séu þátttakendur í forvörnum gegn einelti.
Hver	Skólastjórnendur og og annað starfsfólk skólans
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Innleidd verður markviss fræðsla um menningarlæsi fyrir starfsfólk skólans og hún

	tengd sérstaklega við eineltisstefnu skólans. Farið verður sérstaklega vel yfir með öllu starfsfólki skólans og nemendum grein 2 í barnasáttmálanum að „öll börn eru jöfn“.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til að taka þátt og nýta sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða og að þau finni til öryggis.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar. Hluti nemenda sagði að hljóðvist í bekkjarstofum mætti vera betri. Einnig sögðu þau að hljóðvist mætti vera betri í íþróttasalnum á Þelamörk.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Bæta hljóðvist í skólastofum
Hver	Skólastjórnendur og umsjónarmaður fasteigna
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Við munum heyra í umsjónamanni fasteigna og láta vita af þessum þætti og fá þá í lið með okkur til að finna út hvernig hægt sé að bæta hljóðvist. Nú þegar eru heyrnatól sem nemendur geta notað ef þeim finnst of mikill hávaði í stofunni. Það kom ábending um salinn á Þelamörk en hann er ekki á okkar vegum en við getum látið vita af þessi ábending hafi komið fram en salurinn er ekki á vegum Akureyrarbæjar.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Með betri hljóðvist að þá líður nemendum betur og ná betri einbeitingu. Þar að leiðandi gerum við okkur vonir um að þátttaka myndi aukast í tímum.

Starfsstöð/stöðvar	Hlíðarskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar. 68,75% þátttakenda sögðust ekki fá upplýsingar um innihald matar í mötuneytinu. Þar sem matur er keyptur frá öðrum aðila þarf að skoða hvort hægt sé að óska eftir nánari upplýsingum um innihald og ofnæmisvalda svo nemendur og starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir það sem boðið er upp á.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Bæta hljóðvist í skólastofum
Hver	Skólastjórnendur Hlíðarskóla og skólastjórnendur Iðavalla.
Hvenær	Skólaárið 2026-2027
Hvernig	Þar sem matur er keyptur frá öðrum aðila þarf að skoða hvort hægt sé að óska eftir nánari upplýsingum um innihald og ofnæmisvalda svo nemendur og starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir það sem boðið er upp á.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að nemendur séu upplýstir um hvað sé í matnum sem boðið er uppá. Þetta er aðgerð sem styður við réttindi barna varðandi upplýsingagjöf.

Samantekt

Eftir að hafa lagt fyrir nemenda og starfsmanna kannanir ásamt öryggis og aðgengiskönnun voru 10 atriðið sem þörfnuðust lagfæringar og hafa þau verið set í aðgerðaráætlun. Aðgerðaráætlunin mun taka gildi í júní 2026 og standa til maí 2027 og í framhaldi af því verður sótt um viðurkenningu réttindaskóla UNICEF. Stefnum við á að koma aðgerðum í framkvæmd á næsta skólaári og vonandi sýnir endurtekið stöðumat að þeir þættir sem unnið verður með skili okkur jákvæðari niðurstöðum.

Aðgerð	Byrjar	Flokkur
Frekari fræðsla til barna um barnasáttmálann.	Haust 2026	Börn
Fræða nemendur hvernig þau geta haft áhrif í sínu sveitarfélagi.	Haust 2026	Börn
Frekari fræðsla um réttindi barna til starfsmanna.	Haust 2026	Starfsfólk
Að jafnréttisáætlun skólans og aðrar áætlanir séu uppfærðar og aðgengilegar.	Haust 2026	Starfsfólk
Að nemendum líði betur í búningsklefunum í þelamörk fyrir íþróttir og sund.	Haust 2026	Öryggis
Að nemendur finni fyrir meiri öryggi í matsalnum.	Haust 2026	Öryggis
Bæta hálkuvarnir við skólann.	Haust 2026	Öryggis
Að hjólastólar komist auðveldlega inn í öll hús sem skólinn hefur til umráða.	Haust 2026	Öryggis
Að dyr verði merktar með punktaletri.	Haust 2026	Öryggis
Tekið á fordómum gagnvart menningu, tungumáli og uppruna.	Haust 2026	Öryggis
Bæta hljóðvist í skólastofum.	Haust 2026	Öryggis